

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingu, og fjárlög fyrir árið 2020 hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. mars 2020 sem hér segir:

a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:

á veitusvæði HS Veitna	5,73 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli	9,23 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	6,36 kr./kWst.,
á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar	5,12 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli	9,03 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	5,50 kr./kWst.,
á veitusvæði Veitna ohf.	5,63 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	5,76 kr./kWst.

b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:

RARIK	4,35 kr./kWst.,
Orkubú Vestfjarða	4,48 kr./kWst.,
HS Veitur	144,20 kr./m ³ (3,19 kr./kWst.).

c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,00 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2020, hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Auglýsing þessi tók gildi 1. janúar 2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. janúar 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Hreinn Hrafnkelsson.